

## GJALDSKRÁ

### fyrir Hafnarsjóð Djúpavogshrepps.

#### Almenn ákvæði.

##### 1. gr.

Gjaldskrá þessi fyrir hafnarsjóð Djúpavogshrepps er sett skv. heimild í 17. gr. hafnalaga nr. 61/2003 með síðari breytingum.

#### Um gjaldtöku, er tengist stærð skipa.

##### 2. gr.

Við ákvörðun gjalda, sem taka mið af stærð skipa, skal miðað við brúttótonnatölu skipa (BT) samkvæmt alþjóðlegu mælingarbréfi, sem gefið er út í samræmi við alþjóðasamþykktina um mælingu skipa frá 1969.

##### 3. gr.

Af öllum skipum skal greiða tilheyrandi gjöld til hafnarsjóðs ef þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar og njóta þjónustu hennar.

#### Skipagjöld.

##### 4. gr.

##### *Lestargjöld:*

Af öllum skipum skal greiða lestargjald, kr. 13,50 á mælieiningu skv. 2. gr. en þó ekki oftar en tvisvar í mánuði.

##### *Bryggjugjöld:*

Af öllum skipum sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka skal greiða samkvæmt eftirfarandi: Skip við bryggju kr. 6,50 á mælieiningu fyrir hverja byrjaða 24 tíma, sem skip liggur bundið, hámark 13 sinnum í mánuði.

Farþegaskip, sem liggja við ankeri, en nota flotbryggju, skulu greiða kr. 3,30 á mælieiningu.

Heimilt er að taka lestar- og bryggjugjald af fiskiskipum og minni bátum, sem mánaðargjald, kr. 90 á mælieiningu, en þó aldrei lægra en kr. 9.500 á mánuði.

Bátar minni en 20 BT greiði þó aldrei lægra en kr. 5.800 á mánuði.

Skútur og skemmtibátar sem koma til hafnar greiði 10 evrur fyrir hvern byrjaðan sólarhring.

#### Vörugjöld.

##### 5. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum sem fluttar eru af skipsfjöllum á land eða úr landi á skipsfjöllum, eða úr einu skipi í annað, innan takmarka hafnarinnar, þó með þeim undantekningum er síðar getur. Farmflytjandi skal skila farmskrá og öðrum nauðsynlegum gögnum vegna álagningar vörugjalda til hafnarinnar.

##### 6. gr.

Fyrir vörur sem samkvæmt farmskrá skips eru ákveðnar til annarrar hafnar, innlendrar eða erlendrar, en eru láttnar á land um stundarsakir, skal aðeins greitt vörugjald þegar vörurnar eru fluttar í land. Undanþegnar þessu gjaldi eru vörur sem láttnar eru á land um stundarsakir vegna skemmda á skipi.

#### Farþegagjöld.

##### 7. gr.

Fyrir hvern farþega með farþegabátum og skemmtiferðaskipum skal greiða kr. 55.

Skemmtiferðaskip skulu skila inn farþegalistum, minnst einum sólarhring fyrir komu, en farþegabátar með áætlunarsiglingar til og frá Djúpavogshöfn skila inn gögnum um fjölda farþega mánaðarlega.

## 8. gr.

Af vörum, sem fluttar eru á skip og fara eiga til annarra hafna innanlands greiðist hálfvörugjald.

Af vörum sem koma frá útlöndum og fara eiga áfram til útlanda er heimilt að innheimta fullt vörugjald, þegar vörurnar eru fluttar í land.

## 9. gr.

Þessar vörur eru algjörlega undanþegnar vörugjaldi:

- a) Umbúðir sem endursendar eru.
- b) Olía, vistir og aðrar nauðsynjar skipa til eigin notkunar.
- c) Almennar póstsendingar og farangur ferðamanna.
- d) Úrgangur sem fluttur er til eyðingar.

## 10. gr.

Vörugjald reiknast eftir þyngd eða verðmæti, með umbúðum og af hverri sendingu sérstaklega. Fara skal eftir farmskrá skipa við útreikning vörugjalds. Skipstjóri eða afgreiðslumaður skips skal láta höfninni í té afrit af farmskrá. Sé engri farmskrá til að dreifa skal skipstjóri gefa drengskaparvottorð um vörumagn sem fermt hefur verið eða affermt úr skipi hans. Þyki hafnarstjóra ástæða til getur hann hvenær sem er látið ákveða vörumagnið á þann hátt sem hann telur hentugast. Reynist vörumagnið vera meira en upp er gefið greiðir farmeigandi kostnaðinn.

Séu fleiri en ein vörutegund í sendingu ósundurliðað skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund sem hæst gjald skal greiða af.

## 11. gr.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því sem vörugjaldskrá tiltekur og gjaldið greiðist eins og þar segir:

*Vörugjaldskrá:*

1. fl.: Gjald kr. 280 fyrir hvert tonn:  
Kol, laust korn, salt, vikur, kísilgúr, bensín, brennsluolíur, þörungamjöl, sement, áburður og úrgangur sem fluttur er til endurvinnslu.
2. fl.: Gjald kr. 360 fyrir hvert tonn:  
Lýsi, fiskimjöl og fóður til fiskeldis.
3. fl.: Gjald kr. 510 fyrir hvert tonn:  
Þungavarningur, svo sem sekkjavörur, óunnið járn og stál, veiðarfæri, smurningsolíur, sjávarafurðir, landbúnaðarafurðir, hráefni til iðnaðar og byggingaframkvæmda. Þökkuð og niðursoðin matvæli, óáfengar drykkjarvörur og ávextir.
4. fl.: Gjald kr. 1.100 fyrir hvert tonn:  
Aðrar vörur, sem ekki eru tilgreindar í 1.-3. fl.  
Af flutningi vinnutækja innanlands skal veita allt að 50% afslátt. Vörugjöld greiðast ekki af bifreiðum ferðamanna, enda ferðist eigendur með sama skipi.
5. fl.: Gjald 1,60% af heildaraflaverðmæti:  
Sjávarafli lagður á land eða í skip á hafnarsvæðinu til vinnslu eða brottflutnings, þ.m.t. fiskur og seiði úr eldiskvíum. Gjaldið reiknast af heildarverðmæti aflans.  
Gjald af frystum afla frystitogara og eldisfiski reiknast af helmingi heildarverðmætis.  
Gjald af saltfiski reiknast miðað við tvöfalda þyngd og gjald af gámafiski reiknast af áætluðu heildarverði.  
Kaupanda aflans ber að afhenda hafnarstjóra skýrslu um seldan afla um leið og sala hefur átt sér stað, t.d. afrit af aflaskýrslu til Fiskistofu. Aflagjaldið fellur í gjalddaga um leið og afla er landað.  
Kaupandi ber skil á greiðslu aflagjalds.  
Hámarksgjald samkvæmt lið þessum er kr. 5.500 fyrir hvert tonn.

Lágmarksgjald í öllum flokkum er kr. 200 fyrir hvert tonn.

### **Leiga á gámasvæði, geymsla veiðarfæra.**

12. gr.

Leiga fyrir geymslusvæði skal vera eftirfarandi:

Geymsla á malarsvæði pr. m<sup>2</sup> kr. 40 á mánuði.

Geymsla á malbikuðu svæði pr. m<sup>2</sup> kr. 80 á mánuði.

Geymsla á veiðarfærum á hafnarköntum. Frítt fyrstu vikuna, síðan kr. 3.500 pr. fyrir hvern sólarhring.

Geymslugjald á 20 feta gámi kr. 2.200 pr. mán.

Geymslugjald á 40 feta gámi kr. 4.400 pr. mán.

Geymslugjald á 20 feta frystigámi kr. 2.200 pr. mán. + rafmagn.

Geymslugjald á 40 feta frystigámi kr. 4.400 pr. mán. + rafmagn.

### **Sorphirða.**

13. gr.

Almennt sorpgjald, stærð skips < 10 tonn kr. 600 pr. mán.

Almennt sorpgjald, stærð skips 10-100 tonn kr. 2.500 pr. mán.

Almennt sorpgjald, stærð skips > 100 tonn kr. 4.000 pr. mán.

Sérferðir á flokkunarstöð er greidd af viðkomandi. Kílógjald kr. 18,83.

Gjald fyrir sorphirðu er kr. 5.250 fyrir hverja afgreiðslu.

### **Hafnsögugjöld.**

14. gr.

Hafnsögugjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá:

a) Fyrir leiðsögn til hafna, að bólvirki eða lægi kr. 3.900 fyrir hvert skip, auk kr. 6,20 fyrir hvert brúttótonn. Fyrir leiðsögn frá bólvirki eða lægi og úr höfn greiðist sama gjald.

b) Fyrir flutning á lóðs, hver ferð kr. 30.000.

c) Ef óskað er eftir bát til aðstoðar við komu eða brottför út af hafnarsvæðinu, skal greiða kr. 40.000 fyrir hverja klst.

d) Fyrir leiðsögn um höfn skal greiða hálf gjald skv. a-lið.

Ef skipstjóri skips hefur hafnsöguréttindi og hafnsögumaður fer ekki um borð skv. ákvörðun hafnarstjórnar, er veittur 25% afsláttur af hafnsögugjaldi.

### **Festargjöld.**

15. gr.

Festargjald fyrir hverja afgreiðslu er kr. 9.000. Séu fleiri en einn maður við afgreiðslu er gjald fyrir hvern aukamann kr. 9.000.

### **Vatnssala.**

16. gr.

*Vatnsgjöld:*

Vatn afgreitt frá bryggju:

Kalt vatn. Rúmmetraverð kr. 310/lágmark 10 m<sup>3</sup>.

Afgreiðsla utan dagvinnutíma, pr. klst. kr. 5.500 til viðbótar gjaldskrá.

### **Vigtargjald.**

17. gr.

Almenn vigtun	kr.	140,50 á tonn
Lægsta gjald fyrir einstaka vigtun	kr.	802
Vigtun flutningabifreiða, fast gjald	kr.	1.496
Gjald vegna dagvinnu við vigtun	kr.	3.333
Gjald vegna yfirvinnu við vigtun	kr.	5.500

Skráningargjald afla kr. 82,50 pr. tonn  
 Opnunartími hafnar er frá 08.00-18.00 virka daga.  
 Komi bátar utan opnunartíma greiðist að lágmarki tveggja tíma gjald vegna yfirvinnu.  
 Vegna útkalls eru greiddir að lágmarki fjórir tímar.

#### Rafmagnssala.

18. gr.

Gámar kr. 16,73 á kwst.

Til skipa kr. 16,73 á kwst.

Mælaleiga, árgjald kr. 4.553

Hafnarstjóri hefur heimild til að krefjast tryggingar v/mælaleigu, allt að kr. 60.000 sem er innheimtanlegt ef mælir skemmist sannanlega hjá leigutaka.

Tengigjald:

Fari tenging fram utan dagvinnutíma greiðist tengigjald kr. 5.500.

#### Móttaka skipa sem falla undir ISPS-kóða.

19. gr.

Öryggisgjald fyrir hverja skipakomu kr. 32.211

Öryggisgæsla pr. öryggisvörð í dagvinnu kr. 3.333

Öryggisgjald pr. öryggisvörð í yfirvinnu kr. 5.500

#### Um innheimtu og greiðslu gjalda.

20. gr.

Séu gjöldin ekki greidd á réttum gjalddögum er áskilið að reikna dráttarvexti af gjaldfallinni fjárhæð skv. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001.

21. gr.

Skipstjóri og eigandi skips bera ábyrgð á greiðslu gjalda þeirra, sem greiða ber til Djúpavogshafnar vegna skipsins. Er skipstjóra skylt við komu til hafnar að gefa hafnarstjóra upplýsingar um skipið í samræmi við ákvæði 5. mgr. 33. gr. reglugerðar nr. 326/2004 um hafnamál og afhenda hafnarstjóra þjóðernis- og skrásetningarskirteinum skipsins, ef hafnarstjóri krefst þess vegna ófullnægjandi upplýsinga frá skipstjóra og hefur hafnarsjóður haldsrétt yfir skirteinum uns gjöld eru greidd. Töf og tjón sem af þessu hlýst er einvörðungu á ábyrgð og kostnað greiðanda áfallinna gjalda.

Áfallin gjöld skal greiða áður en skip fer burt úr höfninni og enginn skipstjóri getur vænst þess að fá afgreiðslu fyrir skip sitt hjá sýslumanni eða tollstjóra, nema að hann sanni með vottorði frá hafnarstjóra að hann hafi greitt öll gjöld sín til hafnarinnar.

22. gr.

Vörugjald greiðist af öllum vörum sem eru affermdar, afhentar eða fluttar, eða koma á annan hátt sjóleiðis eða landleiðina, inn fyrir mörk hafnarinnar. Vörugjaldið reiknast skipi til skuldar áður en skip hefur siglingu, nema um annað sé sérstaklega samið. Vörugjald er á ábyrgð farmflytjanda og er afhending vöru án greiðslu vörugjalds á hans ábyrgð.

Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað greiðir sá vörugjaldið sem affermir.

Vörugjald af vörum sem koma til hafnarinnar fellur í gjalddaga þegar skipið, sem vörurnar flytur, er komið í höfnina og vörugjald af vörum sem fluttar eru úr höfninni fellur í gjalddaga þegar vörurnar eru komnar í skip. Skipstjóra og afgreiðslumanni skips er óheimilt að afhenda vörurnar fyrr en gjaldið er greitt.

23. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má ávallt tryggja með aðför að undangengnum dómi. Skipagjöld eru tryggð með lögveði í viðkomandi skipi eða váttryggingarfé. Gengur það veð í tvö ár

fyrir sammingsveðkröfum sbr. ákvæði 2. mgr. 21. gr. hafnalaga nr. 61/2003. Djúpavogshöfn er heimilt að krefjast frekari trygginga fyrir greiðslu áfallinna gjalda ef ástæða þykir til.

24. gr.

Öll gjöld í gjaldskrá þessari eru án virðisaukaskatts. Hafnarsjóði Djúpavogshrepps er skylt að innheimta virðisaukaskatt af öllum gjöldum í gjaldskrá þessari, sbr. 3. tl. 3. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt.

**Gildistaka.**

25. gr.

Gjaldskrá þessi fyrir hafnarsjóð Djúpavogshrepps er samþykkt af hafnarnefnd þann 26. janúar 2015, skv. hafnalögum nr. 61/2003 og 37. gr. reglugerðar um hafnamál nr. 326/2004.

Gjaldskráin öðlast gildi við birtingu og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur út gildi gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Djúpavogshrepps nr. 1313/2013 frá 13. desember 2013.

*Djúpavogi, 26. janúar 2015.*

**Gauti Jóhannesson** sveitarstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 2. mars 2015